

## Fundargerð

### 15. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 13. janúar 2021, kl. 15:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson og Sveinn Margeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

#### Dagskrá:

##### 1. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Tímaáætlun Þingeyings yfirfarin til upprifjunar.

*Í áætluninni er gert ráð fyrir að samstarfsnefnd vinni með minnisblöð starfshópa í janúar og að íbúafundur til að kynna stöðugreiningu og framtíðarsýn verði haldnir fyrri hluta febrúarmánaðar. Því næst fer samstarfsnefndin yfir þær ábendingar og sjónarmið sem koma fram á íbúafundum og mótar tillögu til sveitarstjórna sem gert er ráð fyrir að fjallað verði um á fundum sveitarstjórna í mars. Að því loknu verða niðurstöður samstarfsnefndar kynntar íbúum. Gert er ráð fyrir að kosið verði um tillögu um sameiningu þann 5. júní 2021.*

Lagt fram

##### 2. Íbúasamráð - 2009006

Umræður um fyrirkomulag og skipulag íbúafunda í febrúar. Lagt fram tilboð frá teiknurum.

*Rætt um tímasetningu og fyrirkomulag íbúafunda sem fyrirhugaðir eru 1.-14. febrúar. Fundirnir verða blanda af fjarfundum og staðarfundum. Fundirnir verða sendir út rafrænt en íbúum gefinn kostur á að mæta í heimastöðvar í Skjólbrekku, Félagsheimilinu Breiðumýri og Stórutjarnaskóla. Fundunum verður streymt á facebook og YouTube. Fundirnir verða haldnir eftirfarna daga:*

*2. febrúar kl. 20:00 - Atvinnu- og byggðamál*

*4. febrúar kl. 16:30 - Fræðslu- og félagsþjónusta, tómstundir, íþróttir og menning*

*9. febrúar kl. 20:00 - Skipulagsmál*

*11. febrúar kl. 16:30 - Fjármál og stjórnsýsla*

*Jón Hrói og Róbert hafa samráð við starfsmenn Mývatnsstofu og tæknimenn.*

*Sveinn tekur að sér að halda utan um fund um atvinnu- og byggðamál. Lagt er til að Byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi sjái um fund um skipulagsmál.*

*Sveitarstjórar tala við þau.*

*Samþykkt*

### **3. Framtíðarsýn samstarfsnefndar - 2011022**

Umræður um framtíðarsýn og efni kynninga á íbúafundum.

*Farið yfir stöðuna á vinnu við minnisblað um fjármál og stjórnsýslu. Róbert kynnti uppfærða samantekt á niðurstöðum ársreikninga og gidandi fjárhagsáætlunar. Uppfæra þarf yfirlitið með nýrri útkomuspá og framlögum Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar.*

*Framtíðarsýnin um stjórnskipulag er skýr og einföld. Rætt hvort að tilefni sé til að nýta tilraunaákvæði sveitarstjórnarlaga til að tryggja íbúasamráð í tilgreindum og veigamiklum málum sem varða nærþjónustu.*

*Farið yfir drög að kynningarefni fyrir íbúafundi og það uppfært.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 17:00.

---

Arnór Benónýsson

---

Helgi Héðinsson

---

Margrét Bjarnadóttir

---

Jóna Björg Hlöðversdóttir

---

Ragnhildur Hólm  
Sigurðardóttir

---

Halldór Þorlákur Sigurðsson

---